




LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

LYFLÆKNINGASVIÐ I

Lyfjameðferð

dagbók sjúklings



Hvers vegna meðferðardagbók?

Ekki verður lögð of rík áhersla á mikilvægi þess að HIV jákvæðir einstaklingar séu vel upplýstir um sjúkdóm sinn, sjúkdómsþróun og meðferðarmöguleika og að þeir taki virkan þátt í ákvarðanatöku varðandi meðferðarkosti. Að þekkja til og fylgjast vel með meðferð þinni getur hjálpað þér á margvíslegan hátt:

- Betri skilningur á tilgangi lyfjameðferðar og mikilvægi þess að lyfin séu tekin samkvæmt fyrirmælum.
- Betri skilningur á þýðingu þeirra blóðrannsóknna sem nauðsynlegt er að gera til að ganga úr skugga um að meðferðin nái tilgangi sínum.
- Mikilvægt er að sjúklingar viti um helstu aukaverkanir sem þeir gætu orðið fyrir vegna HIV-meðferðarinnar og hvernig skuli brugðist við þeim.

Þessi meðferðardagbók gerir þér fært að halda utan um sjúkdómssögu þína og meðferð og er gagnleg ef þú þarft að leita læknishjálpar utan spítalans t.d. vegna ferðalaga erlendis. Í dagbókina eru skráðar niðurstöður úr blóðrannsóknnum, svo sem fjöldi CD4 hjálparfrumna, veirumagnsmælinga og næmisprófa auk nákvæmrar sögu um fyrri andretróveirulyf sem þú hefur tekið og ástæður fyrir þeim lyfjabreytingum sem kunna að hafa verið gerðar. Þá er mjög mikilvægt að skrá allar upplýsingar um lyfjaofnæmi með skýrum hætti.

Hafðu dagbókina ávallt meðferðis þegar þú mætir til eftirlits.

Þinn læknir gefur þér upp þau atriði sem þarf til að fylla inn í bókina. Allir sjúklingar hafa rétt á að skoða sína sjúkraskrá og fá ljósritaðar upplýsingar úr henni ef þeir óska.

Nafn/upphafsstafir.

Kennitala. greiningardags.

OFNÆMI:

Landspítali - háskólasjúkrahús, göngudeild smitsjúkdóma, sími: 543 2040

Læknir

sími tölvupóstfang

Önnur gagnleg símanúmer og tölvupóstföng:

Landspítali - háskólasjúkrahús, 543 1000
 Bergþóra Karlsdóttir hjúkrunarfræðingur,
 göngudeild smitsjúkdóma 543 2040/824 5857
 Ritari smitsjúkdómadeildar 543 2040
 Apótek LSH við Hringbraut 543 8222
 Apótek LSH í Fossvogi 543 8211
 Alnæmissamtökin. 552 8586
 Samtökin 78. 552 7878
 Sigurlaug Hauksdóttir félagsráðgjafi, . . . 543 9131/543 1000
 sigurlh@landspitali.is
 á mánud. 8:00 - 16:00, miðvikud. 8:00 - 14:00 og föstud. 12:00 - 16:00

Ef glatast, vinsamlegast skilist til

.

.

Eða póstsenda til: Göngudeild smitsjúkdóma, LSH Fossvogi

CD4+ FJÖLDI OG VEIRUMAGNSMÆLING

Þetta eru helstu blóðrannsóknirnar sem gerðar eru til að fylgjast með heilsu þinni og svörun við meðferð.

CD4+ fjöldi - Þessi blóðrannsókn metur ástand ónæmiskerfisins.

Veirumagn - Þetta próf mælir magn HIV í blóði. Þetta er haft til hliðsjónar til að ákvarða hvort hefja þurfi meðferð og hvort hún er að hrífa. Auk þessara blóðrannsókna er einnig fylgst reglulega með blóðfitugildum (kólesteróli og þriglýseríðum), lifrarprófum og blóðsykurgildum auk annarra prófa eftir því sem ástæða þykir til.

Varðandi fyrri sögu eru eldri upplýsingar gagnlegar en þær færðu hjá þínum lækni. Lægstu CD4+ gildi, hæsta veirumagn, niðurstöður við greiningu og fyrir upphaf meðferðar og þegar henni er hætt eða breytt, eru mikilvægust.

Dagsetning:	CD4+ frumur /mm ³	CD4+/CD8+	Veirumagn eintök/ml

Dagsetning:	CD4+ frumur /mm ³	CD4+/CD8+	Veirumagn eintök/ml

Dagsetning:	CD4+ frumur /mm ³	CD4+/CD8+	Veirumagn eintök/ml

ÖNNUR PRÓF

Skráið niðurstöður rannsókna og næmisprófa en þau eru þó ekki gerð hjá nærri öllum. Athugið að næmisprófsniðurstöður eru margbættar og flóknar en geta verið mjög mikilvægar til að ákvarða þá meðferð sem hentar þér best.

Þér er ráðlagt að biðja um ljósrit af þessum niðurstöðum og geyma á öruggum stað.

Dags.	Rannsókn	Helstu niðurstöður

ANDRETRÓVEIRU MEÐFERÐARSAGA

Lyfjaval fyrir þig nú og í framtíðinni byggir á fyrri lyfjameðferð og því lyfjameðferð og því hvers vegna henni var hætt eða breytt. Oftast byggist þetta á því að meðferðin hafi brugðist (t.d. vegna ónæmismyndunar) eða aukaverkana. Þótt upplýsingarnar séu ekki með öllu nákvæmar geta þær þær engu að síður komið að gagni.

Lista með lyfjaheitum er að finna á síðum 15 - 17.

Lyf nám og skammtur	Lyfi ávísað dags.	Gjöf lyfs hætt dags.	Ástæða
<i>Combivir 1 tafla x2</i>	<i>10.02.02</i>	<i>12.08.02</i>	<i>Ógleði</i>


Lyf náfn og skammtur	Lyfi ávísað dags.	Gjöf lyfs hætt dags.	Ástæða

Lyfi nafn og skammtur													
Lyfi ávísad <small>dags</small>													
Gjöf lyfs hætt <small>dags</small>													
Ástæða													

GRAF

Veirumagn hægra megin á Y-ásnum en vinstra megin er fjöldi CD4+ frumna.

Sumum finnst þægilegra að skrá niðurstöður á grafformi, nota má mismunandi líti fyrir veirumagn og CD4. Takið eftir að skalinn er ekki sá sami í efri og neðri mörkum.



AUKAVERKANIR OG OFNÆMI

Skráíð helstu aukaverkanir og lyfjaofnæmi.

Aukaverkun/einkenni	Líklegt lyf	Dags. upphaf og töku hætt

AÐRAR SÝKINGAR OG SJÚKDÓMAR

Mikilvægt er að skrá aðrar sýkingar og HIV - tengda sjúkdóma
(t.d. berkla, CMV, PCP, ristil, Kapósi sarkmein o.s.frv.)

Sjúkdómur/sýking	Meðferð	Dags.

LIFRARBÓLGA

Samhliðasyking með lifrarbólgu A, B eða C getur gert meðferð við HIV erfiðari. Við HIV greiningu eru jafnan gerð mótefnaþróf fyrir lifrarbólgu og þeim boðin bólusetning gegn lifrarbólgu A og B ef verndandi mótefni eru ekki til staðar.

Annað hvert ár skal endurtaka mótefnaþróf fyrir lifrarbólgu C.

Tegund lifrarbólgu	Dags. rannsóknar	Niðurstöður og meðferð (ef einhver)

BÓLUSETNINGAR

Rétt er að skrá bólusetningar t.d. (lifrabólga A og B, pneumókokka, influensa, stífkrampi og ferðamannabólusetningar).

Athugið að HIV jákvæðir ættu alla jafnan ekki að fá lifandi bóluefni.

Bólusetning	Dags.

INNLAGNIR Á SJÚKRAHÚS

Ástæða innlagnar	Dags.

ÞÁTTTAKA SJÚKLINGS Í KLÍNÍSKUM LYFJARANNSÓKNUM

Nafn rannsóknar	Dags.

UPPLÝSINGAR UM HELSTU LYF

Flest HIV - lyf ganga undir nokkrum nöfnum svo sem: sérlyfjaheiti, samheiti og skammstöfun.

Nöfn þeirra lyfja sem eru á boðstólnum við útgáfu bæklingins sjást hér fyrir neðan og línur til að bæta við nýjum lyfjum þegar þau koma á markað.

Mikilvægt er að gæta að sérstökum ákvæðum um geymslu lyfsins t.d. ef lyfið þarf að geyma í kæli og hvernig á að taka lyfið m.t.t. máltíða.

Núkleósíð bakritahemlar (NRTI)			
Samheiti	Sérlyfjaheiti	Skammstöfun	Helstu aukaverkanir
stavúdínn	Zerit	d4T	Taugakvilli, blóðsýring
zídúvúdínn	Retrovir	AZT	Ógleði, kviðverkir, höfuðverkur
dídanósín	Videx	ddl	Niðurgangur, ógleði, brisbólga, taugakvilli, höfuðverkur
sýrupolið ddl	Videx EC	ddl EC	Sjá dídanósín
lamivúdínn	Epivir	3TC	Þreyta, ógleði, niðurgangur, höfuðverkur, taugakvilli
abacavír	Ziagen	ABC	OFNÆMI , kviðþægindi, þreyta
zalcítabín	Hivid	ddC	Útlægur taugakvilli, sár í munni, brisbólga
(AZT/3TC)	Combivir	CBV	Sjá AZT og 3TC
(ABC/AZT/3TC)	Trizivir	TZV	OFNÆMI (ABC) Sjá annars AZT og 3TC og ABC
tenófóvír	Viread	TDF	Áhrif á beinþéttni, hækun lifrarensíma, áhrif á nýru
emtrícítabín	Emtriva	FTC	Höfuðverkur, ógleði, kviðþægindi
(ABC/3TC)	Kivexa		OFNÆMI (ABC), sjá annars 3TC og ABC
(FTC/TDF)	Truvada		Sjá FTC og TDF

Bakritahemlar sem ekki eru núkleósið (NNRTI)			
Samheiti	Sérlyfjaheiti	Skammstöfun	Helstu aukaverkanir
efavírenz	Stocrin	EFV	Martraðir, rugl, syfja, óeðlileg hugsun, útbrot, hækkun lífrarensíma
nevírapiín	Víramune	NVP	Útbrot, áhrif á lifur, ógleði, höfuðverkur
delavírdín	Rescriptor	DLV	Útbrot, liðverkir, ógleði

Próteasahemlar (PI)			
Samheiti	Sérlyfjaheiti	Skammstöfun	Helstu aukaverkanir
indínavír	Crixivan	IDV	Nýrnasteinar, niðurgangur, ógleði, uppköst, áhrif á fitudreifingu
nelfínavír	Víracept	NFV	Niðurgangur, uppþemba, ógleði, áhrif á fitudreifingu
ritónavír	Norvir	RTV	Ógleði, uppköst, höfuðverkur, dofi í kringum munn, áhrif á fitudreifingu
saquínavír	Fortovase (mjúk hylki)	SQV (sgc)	Niðurgangur, ógleði, uppþemba, höfuðverkur, áhrif á fitudreifingu
saquínavír	Invirase (hörð hylki)	SQV (hgc)	Sjá saquínavír (mjúk hylki)
lópínavír/rtv	Kaletra	LPV/rtv	Niðurgangur, ógleði, höfuðverkur, áhrif á fitudreifingu
amprenavír	Agenerase	APV	Ógleði, uppköst, niðurgangur, dofi í kringum munn, höfuðverkur, útbrot, áhrif á fitudreifingu
fosamprenavír	Telzir	FPV	Sjá amprenavír
atazanavír	Reyataz	ATZ	Hækkun á bilirúbíni, niðurgangur, ógleði, uppköst, sviðverkir
típrínavír	Aptivus	TPV	Lífrarbólga, óþægindi frá meltingarvegi, útbrot og áhrif á fitudreifingu

Inngönguhemlar			
Samheiti	Sérlyfjaheiti	Skammstöfun	Helstu aukaverkanir
enfúvirlid	Fuzeon	T-20	Sársauki og bólga á stungustað, ofnæmi

Önnur lyf sem stöku sinnum eru notuð gegn HIV sýkingu:		
Samheiti	Sérlyfjaheiti	Skammstöfun
hýdroxýurea	Hydrea	HU
Interleukín-2	ProLeukin	IL-2

Lyf sem notuð eru gegn öðrum samhliðasýkingum:		
Sýking	Samheiti	Sértyfjaheiti
Pneumocystis carinii lungnabólga (PCP)	trímétóprím/ súlfa pentamidín	Primazol Pentacarinat
Toxoplasmósis (bogfrymlasótt)	pýrimethamín ásamt súlfadiazín klindamýcín	Daraprim og súlfadiazín Dalacin
Cýtómegalóveira (CMV)	ganciklóvír valganciklóvír foscarnet cídófóvír	Cymevene Valcyte Foscavir Vistide
Herpes simplex 1 og 2, Varicella zoster	acýklóvír, valacýklóvír, foscarnet	Zovir, Valtrex, Foscavir
Lifrabólga B	lamivúdín	Zeffix
Lifrabólga C	peginterferón- alfa ásamt ribavíríni	Pegasys Pegintrona Rebetol Copegus
Berklar og skyldar sýkingar		Mörg lyf
Candida sýkingar	flúkónazól	Diflucan o.fl.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
LYFLKNINGASVIÐ I
JÚNÍ 2006

UMSJÓN OG ÁBYRGÐ:
MÁR KRISTJÁNSSON

HÖNNUN:
KYNNINGARMÁL LSH/AV